

# BADMINTONSAMBAND ÍSLANDS

BADMINTON ASSOCIATION OF ICELAND

Íþróttamiðstöðinni Laugardal, Engjavegi 6, 104 Reykjavík



Sími: 514 4045 [bsi@badminton.is](mailto:bsi@badminton.is), [www.badminton.is](http://www.badminton.is)

## MÓTSBOÐ

Hvað þarf að það að innihalda

**Senda skal mótboð til BSÍ og allra aðildarfélaganna BSÍ í síðasta lagi þremur vikum fyrir mót. – BSÍ sendi einnig mótboðið út til aðildarfélaganna.**

**Mótsboðið skal innihalda upplýsingar um:**

- Nafn á móti og dagsetningar s.s. Meistaramót Íslands, 8 – 10 apríl 2022
- Keppnisstað; Íþróttahús, götu, bæ.
- Tímasetningar t.d. ef mótið er 3 dagar; mótið byrjar kl. 18 á föstudag og kl. 10 bæði á laugardag og sunnudag. Taka jafnframt fram að tímasetningar geti breyst eftir fjölda skráninga og nákvæmar tímasetningar verði kynntar þegar allar skráningar hafa borist og dregið hefur verið í mótið.
- Keppnisfyrirkomulag
  - Í hvaða deildum / flokkum verði keppt og í hvaða greinum.
  - Keppt í riðlum og / eða með útsláttarfyrirkomulagi.
  - Ef ákveðið fyrirfram þá t.d. einliðaleikur á laugardag, tvíliða- og tvenndarleikur á sunnudag og í unglunga t.d. U13 og U15 á laugardag, U17 og U19 á sunnudag.
- Síðasta skráningardag (amk. viku fyrir mót).
- Þátttökugjöld
- Tengilið (netfang og síma), sem veitir upplýsingar um mótið.

Í mótboðinu skal minna félögin á að skila inn **skráningum** á nýja skráningarskjali BSÍ (með nýjasta styrkleikalistanum), í styrkleikaröð – ef um fullorðinsmót er að ræða.

Á unglíngamótum er mikilvægt að notast við staðlað exelskjál (sem auðvelt er að nota til að importa leikmenn inn í tournament planner) og biðja félögin að skrá í það á réttan hátt (gott að hafa dæmi efst á blaðinu til úrskýringar).

Taka skal fram í mótboði ef mótið er hluti af **mótaröð BSÍ** og setja skal merki samstarfsaðila mótaráðar BSÍ á mótboðið (ef það er til staðar).

Athuga með **styrktaraðila** og setja merki þeirra á mótboðið.

